

Fundargerð 444

Föstudaginn 18. nóvember 2016 kl. 13:00 hélt stjórn Byggðastofnunar símafund. Herdís Á Sæmundardóttir stjórnarformaður var á Ártorgi 1 en Oddný María Gunnarsdóttir, Karl Björnsson, Valdimar Hafsteinsson, Gunnar Þór Sigbjörnsson og Sigríður Jóhannesdóttir tengdust með síma. Auk þeirra voru á fundinum á Ártorgi, Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Arnar Már Elíasson forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs (við dagskrárliði 1-2), Sigurður Árnason sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárliði 1-5), Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Einar E. Einarsson boðaði forföll og varamaður hans átti ekki tæk á að mæta.

Formaður setti fund kl. 13:00 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2016
2. Fundargerðir lánanefndar
3. Starfs- og rekstraráætlun 2017
4. Byggðaáætlun 2017-2023
5. Aflamark Byggðastofnunar
6. Húsnæðismál
7. Staðfesting á öryggisstefnum
8. Næsti fundur

1. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2016.

AP fór yfir stöðu verkefna og rekstrar 31.10.2016. MH kynnti bréf FME um hækkun á sveiflujöfnunarauka auk minnisblaða um gengisáhættu og lausafjárahættu stofnunarinnar. Þá upplýsti MH um að samið hefði verið við Íslandsbanka um aðstoð við skuldabréfaútgáfu stofnunarinnar sem stefnt er að því að verði lokið í lok nóvember eða byrjun desember nk.

2. Fundargerðir lánanefndar

Fundargerð lánanefndar nr. 28/16, 26. október 2016

AP fór yfir fundargerðina

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð lánanefndar nr. 29/16, 3. nóvember 2016

AP fór yfir fundargerðina

Fundargerðin staðfest.

Ákveðið að leggja fram á næsta fundi stjórnar samantekt um verkefni sem fengið hafa lán úr lánafllokki til stuðnings við atvinnurekstur kvenna og landbúnaðarlán.

Fundargerð lánanefndar nr. 30/16, 10. nóvember 2016

AP, AME og HÁ fóru yfir fundargerðina

...

HÁ vék af fundi.

...

...

Fundargerðin staðfest.

3. Starfs og rekstraráætlun 2017

AÐ fór yfir drög að starfsáætlun 2017 og óskaði eftir tillögum og ábendingum stjórnarmanna. Fjárlög og byggðaáætlun hafa ekki verið samþykkt og gerir það alla áætlanagerð flóknari en ella. Reiknað er með að á næsta fundi stjórnar þann 9. desember næst komandi verði starfs- og rekstraráætlun fyrir árið 2017 samþykkt.

4. Byggðaáætlun 2017-2023

AÐ og SBS sögðu frá stöðu vinnu við Byggðaáætlun. KB sagði frá fundum sem hann hefur átt varðandi Fjarskiptasjóð og ljósleiðaravæðingu. Verkefnisstjórnarfundum sem halda átti 17. nóvember, var frestað vegna veðurs.

5. Aflamark

SÁ fjallaði um minnisblað og tillögur um úthlutun á aflamarki. Stjórn Byggðastofnunar samþykkti á fundi 21. október sl. að auglýst skildu 100 þorskígildistonn á hvern eftirtalinna staða: Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Raufarhöfn og Breiðdalsvík. Umsóknarfrestur rann út á hádegi fimmtudaginn 10. nóvember sl. og bárust 11 umsóknir.

Lagðar eru fram eftirfarandi tillögur til stjórnar:

- a. Þingeyri. Lagt er til við stjórn að afgreiðslu umsókna verði frestað og umsækjendum gefið færi á að ná sameiginlegri niðurstöðu.
- b. Flateyri. Lagt er til við stjórn að afgreiðslu umsókna verði frestað og umsækjendum gefið færi á að ná sameiginlegri niðurstöðu.
- c. Suðureyri. Lagt er til við stjórn að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Íslandssögu ehf. og samstarfsaðila á grundvelli umsóknar félagsins.
- d. Raufarhöfn. Lagt er til við stjórn að afgreiðslu umsókna verði frestað og kannað verði hvort möguleiki er á samstarfi umsækjenda og sameiginlegri niðurstöðu.
- e. Breiðdalsvík. Lagt er til við stjórn að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Ísfisk ehf. og samstarfsaðila á grundvelli umsóknar félagsins.

Vísað er til minnisblað varðandi rökstuðning fyrir tillögnum.

Formaður bar tillögurnar upp og voru þær samþykktar samhljóða.

SÁ vék af fundi.

6. Húsnæðismál

Formaður sagði frá niðurstöðu í forvali. Tilboð bárust frá þremur aðilum en tveir þeirra uppfylltu ekki kröfur sem ríkið hefur sett til framkvæmdaraðila. Ekki þótti forsvaranlegt að fara í viðræður við þann aðila sem stóð eftir. Ákveðið hefur verið af húsnefnd að fara í útboð á hönnun nýrrar byggingar eða hönnunarsamkeppni og í kjölfar þess verður farið í útboð á byggingu hennar. Talið er að þetta fresti framkvæmdum um 2-3 mánuði.

7. Staðfesting á öryggisstefnum

AP og MH kynntu stefnur Byggðastofnunar í upplýsingatæknimálum. Málinu frestað til næsta fundar.

8. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 9. desember nk. í Reykjavík á skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:40

Magnús Helgason, fundarritari.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____